

**3491. fundur bæjarráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
15. febrúar 2022 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Bæjarfulltrúinn Ólafur Adolfsson tekur þátt í fundinum í fjarfundi og samþykkir fundargerðina í lok fundar með rafrænum hætti.

Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri tekur einnig þátt í fundinum í fjarfundi.

Fyrir tekið:

1. 2202072 - Kraftlyftingar og hnefaleikar - leigusamningur

Vegna aðstæðna í kjallara íþróttahússins á Vesturgötu eru kraftlyftinga- og hnefaleikafélag Akraness á hrakhólum með æfingaaðstöðu og unnið hefur verið að lausn málsins.

Skóla- og frístundaráð samþykkti erindið á 184. fundi sínum og vísaði málinu til bæjarráðs til endanlegrar afgreiðslu.

RÓ vísar af fundir undir þessum dagskrárlið og ÓA tekur sæti í hennar stað.

Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagni samtals að fjárhæð kr. 1.523.000 til leigu á rými til afnota fyrir kraftlyftinga- og hnefaleikafélög Akraness. Ráðstöfuninni er mætt af lið 20830-4995 og færð á liðinn 06890-4220.

Samþykkt 3:0

ÓA vísar af fundi og RÓ tekur sæti á fundinum á ný.

2. 2112130 - Fjöliðjan - bifreið vegna fjölgun starfsstöðva

Erindi sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasvið og forstöðumanns Fjöliðjunnar varðandi heimild til kaupa eða til leigu á bifreið með lyftu fyrir hjólastóla fyrir starfsemi Fjöliðjunnar en bifreiðarnar sem eru til staðar í dag anna ekki verkefnum og möguleg staðgengilsbifreið (með rampi en ekki lyftu) er ekki nýtanleg öllum þjónustuþegum þar sem sumir hjólastólarnir eru einfaldlega of þungir til að ýta upp hjólastólarampinn.

Bæjarráð þakkar fyrirliggjandi greiningu og samþykkir að ráðist verði í að leigja sérútbúna bifreið með lyftu fyrir hjólastóla fyrir starfsemi Fjöliðjunnar. Málið komi að nýju til bæjarráðs er fyrirliggur mögulegt leiguverð.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.